



Skipulagsstofnun

Borgartún 7b
105 Reykjavík

Málsnúmer: 2202033


Þorlákshöfn, 17. febrúar 2022

Umsögn Ölfuss um tilkynningu um nýja hreinsistöð við Hellsheiðarvirkjun.

Skipulagsstofnun hefur sent Sveitarfélaginu Ölfusi meðfylgjandi tilkynningu um ofangreinda framkvæmd skv. 19. laga nr. 111/2021. Í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021 og er óskað eftir að Sveitarfélagið Ölfus gefi umsögn um ofangreinda framkvæmd.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði þurfa að skýra frekar og hvort þau kalli á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Jafnframt skal í umsögn gera grein fyrir leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði umsagnaraðila.

Sveitarfélagið Ölfus gerir ekki athugasemd við ofangreinda framkvæmd. Sveitarfélagið telur að vel sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáhrifum og vöktun. Ekki sé ástæða til að framkvæmdin fari í umhverfismat. Sveitarfélagið Ölfus fer með skipulagsvald á svæðinu og gefur út byggingarleyfi.


Gunnlaugur Jónasson
Skipulagsfulltrúi Ölfuss



HVERAGERÐISBÆR

Skipulagstofnun
B.t. Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Hveragerði, 3.2.2022
2201154

Efni: : Ný hreinsistöð við Heilishéðarvirkjun

Á fundi bæjarráðs Hveragerðisbæjar, sem haldinn var í dag, var ofangreint tekið til umfjöllunar;

„Bréf frá Skipulagsstofnun þar sem fram kemur að Orka Náttúrunnar óskar eftir umsögn vegna byggingar nýrrar hreinsistöðvar við Heilishéðavirkjun.“

Eftirfarandi var fært til bókar;


„Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við þær upplýsingar sem þarna eru settar fram og telur að áform sem dregið geta úr loftmengun frá virkjuninni séu jákvæð. Bæjarráð gerir þó athugasemdir við að niðurdælingarverkefnið, Carbfix, og áhrif vegna þess skuli ekki kynnt sem eitt verkefni, bæði stöðvarhús og niðurdæling, og að þannig geti umsagnaraðilar gert athugasemdir við verkefnið í heild sinn. Bæjarráð áskilur sér allan rétt til athugasemda þegar umhverfismat vegna fyrirhugaðrar niðurdælingar verður lagt fram.“

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
f.h. Hveragerðisbæjar,

Ragnheiður Brynjólfsson

Ragnheiður Brynjólfsson
Þjónustufulltrúi





Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

**Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík**

Selfossi, 15. febrúar 2022
2202011HS SHJ

Efni: Hreinsistöð við Hellisheiðarvirkjun - Umsögn um tilkynningu um framkvæmd

Þann 18. janúar sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands tölvupóst frá Skipulagsstofnun þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tilkynningu vegna fyrirhugaðar framkvæmdar ON við byggingu nýrrar lofthreinsistöðvar við Hellisheiðarvirkjun í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Um er að ræða nýja og afkastameiri hreinsistöð sem ætlað er, ásamt þeirri sem fyrir er, að fanga allt að 95% af CO₂ og nánast allt H₂S úr útblæstri Hellisheiðarvirkjunar og farga með niðurdælingu og varanlegri steinrenningu í jarðlögum. Mun hreinsistöðin vera staðsett við hlið núverandi hreinsistöðvar innan athafnasvæðis Hellisheiðarvirkjunar og fyrirhugað er að nota sömu niðurdælingarholur og verið hefur. Nýjar og þrýstipólnari lagnir verða grafnar í jörðu samhliða þeim lögnum sem þegar liggja frá núverandi hreinsistöð að holutoppum núverandi niðurdælingarhola. Byggingin mun ekki skera sig úr öðrum byggingum á svæðinu og raski á gróðurþekju vegna lagningar nýrra lagna verður haldið í lágmarki, t.a.m. með því að varðveita gróðurþekju af yfirborði til að endurnota við frágang á röskuðum svæðum.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tilkynningu fyrir téða framkvæmd og gerir engar athugasemdir. Embættið telur að tilkynningin geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og mótvægisáðgerðum og vöktun. Embættið telur að varanleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar önnur en sjónræn og staðbundin í næsta nágrenni hennar séu óveruleg og mögulegt að milda þau með góðri umgengni á framkvæmdatíma og vönduðum frágangi umhverfis og mannvirkja að framkvæmdum loknum. Embættið metur málið því sem svo að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Ofangreind framkvæmd er ekki háð starfsleyfum sem Heilbrigðisnefnd Suðurlands gefur út skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Hins vegar gæti framkvæmdaraðili þurft að sækja um starfsleyfi til heilbrigðisnefndar vegna ýmissa verkþátta á meðan á framkvæmdum stendur, s.s. efnisnámi, landmótun og verktakaaðstöðu skv. ofangreindri reglugerð auk starfsmannabúða skv. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Stella Hrönn

Stella Hrönn Jóhannsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi



Skipulagsstofnun
b.t. Jakobs Gunnarssonar
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 11. febrúar 2022
UST202201-183/A.Þ.
10.05.08

Efni: Mat á umhverfisáhrifum – matsskyldufyrirspurn – Ný hreinsistöð við Hellisheiðarvirkjun

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 19. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hreinsistöðin er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. tölulið 6.9 í viðauka I í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Framkvæmdarlýsing

Orka náttúrunnar (hér eftir nefnd rekstraraðili) rekur Hellisheiðarvirkjun, sunnan við Hengil í sveitarfélaginu Ölfusi. Fyrirhuguð er bygging nýrrar og afkastameiri hreinsistöðvar við virkjunina með það að markmið að fanga og farga 95% af koltvísýringi (CO₂) auk bennisteinsvetnis (H₂S) úr útblæstri virkjunarinnar. Hér er aðeins um að ræða þann hluta framkvæmdarinnar er snýr að föngun og flutningi á CO₂ og H₂S að niðurdælingarholum en niðurdæling efnanna í berglög er á höndum Carbfix sem nú vinnur að mati á umhverfisáhrifum þeirrar framkvæmdar.

Fyrirhuguð hreinsistöð verður staðsett við hlið núverandi hreinsistöðvar á byggingarreit Hellisheiðarvirkjunar. Notaðar verða sömu niðurdælingarholur og verið hefur og lagnir lagðar í jörðu samhliða þeim lögnum sem fyrir eru.

Umhverfisáhrif framkvæmdar

Í tilkynningarskýrslu kemur fram að helstu áhrifaþættir framkvæmdar eru taldir vera hreinsistöð, þvottaturn og flutningslagnir að niðurdælingarholum. Þeir umhverfisþættir sem taldir eru að geti orðið fyrir áhrifum á framkvæmda- og/eða rekstartíma eru ásýnd, heilsa, loftgæði, gróður og ásýnd. Helstu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eru talin vera jákvæð áhrif á loftslag, loftgæði og heilsu. Neikvæð áhrif framkvæmdarinnar eru talin vera óveruleg en til að lágmarka þau er lögð áhersla á að byggingar verði í samræmi við aðrar byggingar á svæðinu og krafa gerð um varðveislu gróðurþekju á yfirborði til endurnota við frágang á röskuðum svæðum.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur áhrif ofangreindrar framkvæmdar á umhverfi liggja ljós fyrir og að ferli umhverfismats sé í þessu tilfelli ekki til þess fallið að varpa skýrari mynd á áhrif starfseminnar á umhverfið.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur

Skipulagsstofnun
Laugavegur 166
105 REYKJAVÍK
Ísland

Reykjavík, 16.2.2022
Tilvísun: 202201-0146/6.01.04


Efni: Hreinsistöð við Helligheiðavirkjun Ölfus

Vísað er í bréf Skipulagsstofnunar frá Janúar 2022 þar sem óskað er eftir umsögn Vinnueftirlitsins varðandi áætlun Orku náttúrunnar ON og Carbix dótturfélags ON að reisa nýja hreinsistöð við Helligheiðavirkjun í sveitarfélaginu Ölfus, framkvæmdin og verkefnið er kallað Silfurberg. Við virkjunina er hreinsistöð frá árinu 2014 sem hefur verið nýtt til að fanga allt að 75 % mengun og hreinsa þá helst koldíoxíð (CO₂) og brennisteinsvetni (H₂S), úr útblæstri virkjunina. Fyrirhugað er að reisa nýja og fullkomnari hreinsistöð sem verður staðsett við hlið núverandi hreinsistöðvar og nýta þá reynslu og þekkingu sem hefur orðið til við hreinsun jarðhitalofttegunda. Áætlað er ný hreinsistöð geti fangað og hreinsað allt að 95% af útblæstri Helligheiðavirkjunar þá helst koldíoxíð (CO₂) og brennisteinsvetni (H₂S), úr útblæstri virkjunarinnar og samhliða því mun nánast allt H₂S verða hreinsað. Lagnir sem fylgja framkvæmdinni verða lagðar í jörðu. Framkvæmdaraðili niðurdælingar er Carbix dótturfélags ON og fyrir liggur skýrsla Verkís verkfræðistofu frá Desember 2021 um verkefnið.

Vinnueftirlitið vill benda á að reglugerð um þrýstibúnað nr. 1022/2017 gildir um vissa þætti í þessari framkvæmd.

Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við framkvæmdina.

F.h. Vinnueftirlitsins


Guðjón Birkisson gudjon@ver.is

Afrit:

Skipulagsstofnun, skipulag@skipulag.is, jakob@skipulag.is